

FUNDARGERÐ

314. fundur stjórnar HEF veitna ehf. haldinn í Fellabrún 1, miðvikudaginn 12. október 2022 kl. 9:00.

Mætt eru:

Ágústa Björnsdóttir (ÁB), Hildur Þórisdóttir (HP), Ívar Karl Hafliðason (ÍKH), Vilhjálmur Jónsson (VJ) og Helgi Hlynur Ásgrímsson (HHÁ) og Aðalsteinn Þórhallsson (AÞ) framkvæmdastjóri.

Gestur á fundinum er Magnús Jónsson (MJ), endurskoðandi KPMG.

Ágústa Björnsdóttir stýrði fundinum.

Dagskrá

- 1 Árshlutauppgjör 2022 – 8 mánuðir
 - 2 Gjaldskrár 2023
 - 3 Hitaveita í Eiða – samningsdrög og leiðaval
 - 4 Fjárfestingaáætlun – endurskoðun
 - 5 Vegur um Melshorn
 - 6 Neysluvatnsból Seyðisfjarðar
 - 7 Samstarf með Fljótsdalshreppi um ljósleiðara
 - 8 Nýting á heitu vatni á Búlandsnesi – erindi
 - 9 Starfsmannamál
 - 10 Verkefnin – til kynningar
 - 11 Önnur mál
 - a. Heimsóknir á starfsstöðvar
 - b. Rafmagnsheimtaug að borholu á Búlandsnesi
-

1 Árshlutauppgjör 2022 – 8 mánuðir

Fyrir liggja drög að 8 mánaða uppgjori félagsins. MJ fór yfir helstu niðurstöður og svaraði spurningum. Stjórn vísar uppgjörinu til afgreiðslu á næsta fundi.

MJ þökkuað góð yfirferð og svör og yfirgaf hann fundinn 11:00.

2 Gjaldskrár 2023

Umræður um gjaldskrármál einstakra veitna. Í vinnslu.

3 Hitaveita í Eiða – samningsdrög og leiðaval

Fyrirliggjandi eru uppfærð drög að samningi við *Eiðar village* um lagningu hitaveitu á Alþýðuskólareitinn á Eiðum.

Framkvæmdastjóri og formaður stjórnar hittu fulltrúa Eiðar village á fundi 29. sept. síðastliðinn, þar sem farið var yfir helstu forsendur og áform.

Í vinnslu.

4 Fjárfestingaáætlun – endurskoðun

Fyrir liggur staða fjárfestinga fyrstu 8 mánaða yfirstandandi árs, auk áætlunar út árið. Stærstu óvissuþættir í áætlanagerðinni eru jarðvarmaverkefni á Breiðavaði og á Búlandsnesi. Ljóst er að stór hluti áætlaðra framkvæmda ársins 2022 kemst ekki til framkvæmda m.a. vegna skipulagsmála. Heildar fjárfestingar HEF veitna á árinu 2022 stefna í um 370 milljónir en voru áætlaðar 810 milljónir. Þetta mun hafa tilsvarendi áhrif á langtíma fjárfestingaráætlun.

5 Vegur um Melshorn

Fulltrúar stjórnar HEF ásamt framkvæmdastjóra hittu landeiganda á fundi 19. september s.l. Samkomulag var gert við landeiganda um aðkomu að lóð Hreinsistöðvar frá Flugvallarvegi um núverandi slóða og legu lagna um og milli túna frá brennustæði að hreinsistöðvarlóð. Framkvæmdastjóri leggur fyrir drög að samningi við landeiganda um ofangreint. Framkvæmdastjóra falið að bera drögin undir landeiganda og undirrita og ganga frá við fyrsta tækifæri.

6 Neysluvatnsból Seyðisfjarðar

Ráðgjafar Vegagerðarinnar vinna að mati og tillögugerð valkosta. Hluti stjórnar kynnti sér aðstæður í heimsókn sinni á Seyðisfjörð 28. sept. s.l. Í vinnslu.

7 Samstarf með Fljótsdalshreppi um ljósleiðara

Fyrir liggur uppkast að samningi um samstarf um ljósleiðaratengingar við Fljótsdalshrepp. Stjórn felur framkvæmdarstjóra að ljúka samningsgerð og leggja samning fyrir fund stjórnar.

8 Nýting á heitu vatni á Búlandsnesi – erindi

Meirihluti stjórnar hitti frumkvöðla um nýtingu heits vatns á Búlandsnesi á stuttum, óformlegum fundi á Djúpavogi um daginn. Gagnkvæmur skilningur er um að bíða þarf niðurstöðu úr borun tilraunavinnsluholu á næstu mánuðum. Framgangur verksins hefur ekki staðist tímaáætlunir.

9 Starfsmannamál

Framkvæmdastjóri verður í fríi desember nk. og hálfan janúar 2023.

Framkvæmdarstjóri lagði fram tillögu um að bætt yrði við stöðugildi tæknimanns hjá veitunni vegna aukningar í umfangi starfseminnar og fjárfestingarverkefna.

10 Verkefni – til kynningar

AÐ lagði fram lista og fór yfir helstu verkefni í undirbúningi og vinnslu.

11 Önnur mál

a. Heimsóknir á starfsstöðvar

Stjórn hefur heimsótt kjarna Múlaþings á starfssvæði veitunnar:

Djúpivogur: Framkvæmdastjóri og 5 stjórnarliðar heimsóttu helstu áfangastaði veitunnar 21. september síðastliðinn. Farið var að vatnsbóli vatnsveitunnar, að miðlunartanki og að borholu þar sem tilraunadæling og rannsóknir hafa staðið yfir síðan í vor. Þá var plastkassaverksmiðjan heimsótt.

Seyðisfjörður 28. september. Heimsótt voru helstu mannvirki veitunnar auk mögulegra vatnstökustaða vatnsveitu áður en vinna við gangagröft hefst. Komið var við ofan gangamunna og

í Vestdal. Þá var hreinsistöð vatnsveitu og dælustöð fráveitu heimsóttar auk nýrra gatna á gamla fótboltavellinum.

Egilsstaðir og nágrenni voru heimsótt 5. október; Kaldakvísl, miðlun á Selöxl, horft yfir framkvæmdasvæði í Votahvammi (II) og lagnaleið sniðræsa að verðandi hreinsistöð á Melshorni. Þá voru lagerhúsnæði og miðlunartankur hitaveitu í Valgerðarstaðalandi heimsótt og endað á vinnslusvæði hitaveitunnar við Urriðavatn.

Áformað er að heimsækja Borgarfjörð eystri 26. október.

b. Rafmagnsheimtaug að borholu á Búlandsnesi

Framkvæmdastjóri hefur lagt inn erindi til RARIK um mögulega tengingu heimtaugar inn á stofnstreng sem nú er verið að leggja inn Hamarsfjörð, frá Djúpavogi. Stjórn samþykkir að sækja um heimtaug við fyrirhugað vinnslusvæði hitaveitu á Búlandsnesi.

Næsti fundur verður boðaður með dagskrá.

Fundi slitið kl. 12:52

Fundargerð ritaði Ívar Karl Hafliðason.

Fundargerð staðfest, _____ 2022

